

Hafnarfjarðarbær  
Bjarki Jóhannesson,  
sviðsstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
04 FEB. 2010
10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2010  
Tilvísun: UST20100100011/bs

### **Breyting á Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 - Tilraunaborholur í Krýsuvík. Umsögn**

Vísað er til bréfs Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 18 desember 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði fyrir þrjár rannsóknarholur á um 1 ha svæði sunnan við Hveradali. Fyrirhugað iðnaðarsvæði er innan Reykjanesfólkvangs. En til þess ber að líta að í auglýsingu . Stj.tíð. B, nr. 520/1975 kemur fram að hagnýting jarðhita t.d. í Krýsuvík og mannvirkjagerð í því sambandi eru undanskilin þeim reglum sem gilda að öðru leyti innan fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangurinn var friðlýstur árið 1975 og er ljóst að hagnýting jarðhita í dag er með allt öðrum hætti en tíðkaðist á þeim árum er fólkvangurinn var stofnaður.

Umræddar tilraunaboranir voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að borun rannsóknarhola í Krýsuvík skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur brýnt að gripið verði til þeirra aðgerða og tilhögun framkvæmda verði samkvæmt því sem kynnt er í greinargerð með tillögu að aðalskipulagsbreytingu og tilkynningaskýrslu, í því skyni að draga úr ónæði og jarðraski.


Umhverfisstofnun vill benda á að við frágang borteigs verði þess gætt að hafa jarðvegslag nægjanlega þykkt til að tryggja sem besta gróðurframvindu.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Umfjöllun um þær tilraunaboranir sem hér um ræðir hófst við tilkynningu framkvæmdarinnar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur brýnt að slík umfjöllun hefjist á skipulagsstigi til að tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku varðandi landnotkun.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri